

„DRASL SEM GULL“. ÁHERSLA LEIKSKÓLA Á OPINN EFNIVIÐ OG VAL BARNNA Á LEIKJUM Í KYNJAFRÆÐILEGU LJÓSI

Markmið rannsóknarinnar var að skoða leikefni í nokkrum leikskólum út frá kynjafræðilegu sjónarhorni og kanna viðhorf leikskólakennara til leiks og leikefnis barna. Fylgst var með starfi einnar elstu deildar í sex leikskólum hluta úr degi og tekin viðtöl við deildarstjórana. Áhorfið var notað sem umræðugrundvöllur í viðtölunum en einnig voru deildirnar og leikefnið sem þar var að finna skoðað. Fram kom að í leikskólunum var lögð mikil áhersla á að nota bæði margvíslegan opinn efnivið, svo sem kubba, en einnig verðlausan efnivið, svo sem skyrdósir, tauefnisbúta og pappakassa. Mikil áhersla var lögð á það að börnin veldu sjálf hvernig þau lékju sér. Loks kom fram að fremur lítið var unnið að því að skoða starfið markvisst út frá sjónarhorni kynjajafnréttis. Leiða má að því líkum að áhersla skólanna á opinn efnivið og verðlausan efnivið og á það að börnin velji frjálst hvernig þau leika sér geti leitt til þess að síður sé horft á starfið út frá kynjafræðilegu sjónarhorni.

Efnisorð: leikefni, opinn efniviður, verðlaus efniviður, kynjafræðilegt sjónarhorn, einstaklingsbundið leikjaval

INNGANGUR

Grunnþættir menntunar í gildandi aðalnámskrá eru umgjörð um vinnu að jafnrétti og fleiri almenna þætti í skólastarfinu. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr. 150/2020) skal gæta að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í allri stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppleðisstarfi. Sérstaklega er tekið fram að „öll kennslu- og námsgögn skuli þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað“ (15. grein). Með kennslu- og námsgögnum sýnist átt við efnivið leikskólanna í víðum skilningi þess orðs. Leikur er „þungamiðja leikskólastarfsins“ og í senn aðferð og inntak starfsins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 27). Því töldu höfundar mikilvægt að skoða val leikefnis út frá kynjasjónarhorni.

Markmið rannsóknarinnar var að skoða leikefni í nokkrum leikskólum út frá kynjafræðilegu sjónarhorni og kanna viðhorf leikskólakennara til leiks og leikefnis barna. Sjónum var

beint að því hvernig væri staðið að vali leikefnis í skólunum og hvernig deildarstjórar litu á hlutverk sitt í tengslum við val barna á leikjum og leikefni. Valdír voru sex leikskólar á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess, fylgst með starfi elstu barna þar einn morgun og í kjölfarið tekið viðtal við deildarstjóran. Í rannsókninni er spurt tveggja spurninga sem mótuðust við gerð hennar:

- Getur opinn efniviður verið undirstaða kynjajafnréttisstarfs í leikskólum?
- Hvers konar áhrif hafa hugmyndir um frjálst val barna á leikjum og leikefni á kynjajafnréttisstarf?

Rétt er að taka fram að orðin *leikefni* og *efniviður* eru í þessari grein notuð jöfnum höndum í svipaðri merkingu, eins og gert er í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 28).

BAKGRUNNUR

Fræðilegur grunnur greinarinnar byggist á fræðum um viðhorf og starfsaðferðir leikskóla í kynjafraðilegu og póststrúktúralísku femínísku ljósi og rannsóknum á leik og leikefni. Í rannsóknum í femínískum anda er leitað að augljósum og földum áhrifum kyns og kyn-gervis og leitast við að „afhjúpa karlmiðlægni samfélagsins og áhrif þess á konur (og karla)“ (Rannveig Traustadóttir, 2013, bls. 319). Póststrúktúralískar femínískar kenningar ganga út frá því að kyngervi sé félagslega mótað í samfélagi undir áhrifum feðraveldis (Weedon, 1987). Rannsóknum sem byggðar eru á slíkum kenningum er ætlað að ögra við-teknum hugmyndum um kynin og kanna kyn og kyngervi út frá þeim valdatengslum sem viðhalda óbreyttu ástandi (Chapman, 2022; Davies og Gannon, 2005).

Viðhorf og starfsaðferðir leikskóla í kynjafraðilegu ljósi

Starf leikskólakennara er meðal annars byggt á skýrri vitund um að hlutverk leikskóla sé að miðla gildum í menntunarlegum tilgangi, meðal annars virðingu og áherslu á góð sam-skipti (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2020). Rannsóknir gefa aftur á móti til kynna að þegar kemur að kynjajafnréttismenntun í skólastarfi, þá byggist hún mikið á einstaklingsfram-taki og áhuga kennara fremur en á kerfislegri ábyrgð (Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011; Þórdís Þórðardóttir, 2016). Í spurningalistarannsókn Guðnýjar S. Guðbjörnsdóttur og Steinunnar Helgu Lárusdóttur (2017) um viðhorf leikskólakennara kom fram að unnið væri með jafnrétti í samverustundum með börnunum, til dæmis við matarborðið og í leik úti og inni. Í viðtalsrannsókn Sólveigar Bjargar Pálsdóttur og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2020) kom aftur á móti fram að kynjajafnrétti væri ekki markvisst á dagskrá en leikskólakennarar teldu sig grípa tækifærin sem gæfust.

Rannsóknir gefa til kynna að viðhorf kennara í tengslum við leik barna út frá kyni geti haft mótandi áhrif á það hvað börn telji viðeigandi leik fyrir sig og aðra. Samfélagslegur rammi þess hvað sé viðeigandi hegðun út frá kyni endurspeglast í leik barna. Leikskólinn endurspeglar það samfélag sem hann starfar í og staðalmyndum um kynin kann að vera viðhaldið í leikveröld barnanna með þeim ramma sem kennarar og starfsfólk setja, hvort

sem það er með viðhorfi, viðbrögðum eða leikfnisvali (Gansen, 2017, 2019; Golden og Jacoby, 2018; Khoja, 2020; Þórdís Þórðardóttir, 2016). Í rannsókn Hjelmér (2020) í Svíþjóð kom fram mikilvægi þess að efla gagnrýna hugsun barna um umhverfi sitt þar sem val barnanna er talið eiga að vera frjálst þegar kemur að leikfélögum og leik. Hún telur það vera börnunum of erfitt að fást við kynjaðar (e. gendered) hugmyndir samfélagsins án leiðsagnar. Hún bendir á að leikurinn sé ef til vill ekki svo frjáls þar sem hann byggist meðal annars á kynjuðum viðhorfum úr umhverfinu sem rammi inn það sem börnin telji mögulegt.

Chapman (2016) gerði rannsókn í Ástralíu á því hvernig gildi, viðhorf og viðbrögð kennara hafa áhrif á leik barna í tengslum við birtingarmyndir kynjahlutverka. Þar komu fram vísbendingar um tilhneingingu kennaranna til að miða leikumhverfið við það hvernig hópurinn væri settur saman af drengjum og stúlkum. Þegar hópurinn var að meirihluta drengir, þá var boðið upp á leiki og leikefni sem gæti talist strákaefni og -leikir. Ef stúlkur voru stærri hluti barnahópsins var frekar boðið upp á leik og leikefni sem gæti talist hentugt fyrir stúlkur. Kennararnir hagræddu því umhverfinu eftir því sem þeir töldu að myndi henta best út frá áhuga barnanna, sem miðaðist við kyn þeirra. Þetta fellur vel að rannsóknum sem benda til þeirrar tilhneingingar fullorðinna að ætla börnum áhugasvið og ákveðnar tegundir leikja út frá kyni (Gansen, 2019; Guðrún Alda Harðardóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014; Hjelmér, 2020; Þórdís Þórðardóttir, 2012).

Sænsk rannsókn Sandberg og Pramling-Samuelsson (2005) gaf til kynna mismunandi viðhorf leikskólakennara til leiks og þátttöku barna í leik eftir kyni kennaranna og reynslu. Í bandarískri rannsókn Gansen (2019) um kynjaðar væntingar kennara um hegðun barna kemur fram hvernig þessar hugmyndir kennara um hegðun barnanna hafa áhrif á það hvernig aga er háttað. Talið er að drengir þurfi að geta ærslast og fengið líkamlega útrás því að það sé þeim eðlislægt. Hins vegar var stúlkum oftast en ekki vísað af svæði eða úr leik ef þær sýndu sömu hegðun. Einnig var gerð mikil krafa um að stúlkur væru kurteisar og gengju vel um. Algengt var að kennararnir teldu stúlkurnar stjórnssamar og fælu þeim hlutverk eins og að leggja á borð til að fá útrás fyrir það. Þannig geta kynhlutverk haldist við innan veggja skólanna.

Paechter (2007) bendir á að skólar séu staðir þar sem norminu sé viðhaldið og vísbendingar í umhverfinu kenni börnum hvað sé viðeigandi að gera út frá kyni þeirra. Þetta rímar vel við rannsókn Hjelmér (2020) þar sem hún ræddi mikilvægi skólaumhverfisins ef vinna ætti gegn staðalmyndum í umhverfinu. Það krefst þekkingar á kynjafræðilegum hugtökum að vinna með áhuga barnanna en reyna um leið að brjóta upp kynjað hegðunarmunstur í leik. Leikurinn er oft byggður á þekkingarheimi barnanna sem er oftast en ekki tengdur afþreyingarefni, eins og sjónvarpsþáttum, bíómyndum, bókum og tölvuleikjum, sem er fullt af kynjuðum staðalmyndum og skilaboðum (Þórdís Þórðardóttir, 2015). Þess vegna er mikilvægt að efla gagnrýna hugsun bæði kennara og leikskólabarna um staðalmyndir en ganga ekki út frá því að kynjahlutleysi (e. gender-neutrality) sé við lýði í skólunum. Í nýlegri ástralskri rannsókn Chapman (2022) kemur fram þessi hugsun kennara um að hafa umhverfið sem mest kynjahlutlaust. Tilhneiging kennaranna var að sleppa því sem talið var kynjað eða endurspegla staðalmyndir og með því yrði umhverfið kynjahlutlaust og gæti ýtt undir jafnrétti kynjanna.

Leikur og leikefni

Í *Aðalnámskrá leikskóla* frá 2011 kemur fram að efniviður eigi að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri og mikilvægt sé að meta reglulega hvað sé notað. Áhersla skuli lögð á að leikefnið sé hvetjandi og örvi börnin til rannsókna og kannana. Í leikskóla á „að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafli sitt og sköpun“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 25). Leikefnið sjálft má ekki mismuna eftir kyni, menningu, fötlun eða öðrum bakgrunni barnsins (Odegard, 2013). Leikföng og annar efniviður getur að sjálfsögðu haft fyrir fram gefið notagildi en gjarna er sóst sérstaklega eftir því að hægt sé að nýta efnivið á margvíslegan hátt í leik, það er að efniviðurinn sé opinn (e. open, undefined) (Odegard, 2013). Undir þetta fellur efniviður á borð við byggingarkubba, leir og málningu. Hefðbundin leikföng eru oftast flokkuð sem lokaður efniviður þar sem þau hafa sérstakan tilgang eða eru bundin við ákveðinn leik (Oncua og Unluera, 2010). Dæmi eru bíll, leikfangahús eða leikbrúður frá þekktum sjónvarpsþáttum fyrir börn. Einnig er lögð áhersla á að nota, þegar við á, svokallaðan verðlausan efnivið sem er hægt að endurnýta í leik, svo sem skyrdósir, gömul föt, notuð eldhúshöld og pappa (Hildur Skarphéðinsdóttir og Sigrún Einarsdóttir, 2006; McClintic, 2014). Opinn efniviður og verðlaus efniviður er þannig ekki hið sama þar sem verðlaus efniviðurinn er ekki alltaf opinn.

Miklu máli skiptir að þær aðstæður þar sem leikur fer fram og efniviður er notaður séu skoðaðar út frá kynjasjónarhorni, og hafa margar rannsóknir verið gerðar með það í huga. Í serbneskri rannsókn Skočajić o.fl. (2020) komu fram sterkar vísbendingar um að börn niður í þriggja ára aldur tengdu leikföng, hluti og liti við tiltekið kyn. Í rannsókninni er til dæmis bent á að litir séu meðal annars notaðir af leikfangafyrirtækjum og í sjónvarpsþáttum til að tákna tengsl við kynin. Ljósir og bjartir litir, til dæmis bleikur og gulur, eru notaðir fyrir það sem telst stelpulegt og dökkir litir, til dæmis blár og grár, til að tengja við það sem telst strákalegt. Niðurstöður gáfu einnig til kynna að leikföng, frekar en litir og hversdagslegir hlutir, væru flokkuð sem kvenleg eða karlleg. Algengara var að börn flokkuðu kynjað eftir því sem þau voru eldri. Þessar niðurstöður samrýmast bandarískri rannsókn Golden og Jacoby (2018) á túlkun stúlkna á staðalmyndum sem tengjast Disney-prinsessum. Þar voru sex prinsessukjólur settir í „heimiliskrók“ en einnig sex aðrir búningar sem ekki voru tengdir Disney en auglýstir fyrir stúlkur. Það kom fram skýr tenging varðandi mikilvægi fegurðar, aukahluti, breytingar á hreyfingu og útilokun drengja í leiknum þegar Disneykjólarnir voru settir inn í leikinn. Stúlkurnar tengdu sjálfar sig með skýrum hætti við kynjaðar staðalmyndir þegar boðið var upp á kjólana. Samkvæmt upplýsingum frá foreldrum áttu stúlkurnar einnig talsvert af Disney-tengdum leikföngum og öðru slíku efni heima hjá sér og höfðu því eflaust mikla þekkingu á efninu. Þetta gefur til kynna að þekking barna á afþreyingarefni hafi óneitanlega áhrif á leik þeirra í leikskólum (Emilson o.fl., 2016; Golden og Jacoby, 2018; Skočajić o.fl., 2020; Þórdís Þórðardóttir, 2015).

Rannsókn MacPhee og Prendergast (2019) á heimaumhverfi bandarískra leikskólabarna, til dæmis hvaða leikföng þau áttu og hvernig húsgögn voru í herbergjum þeirra, gaf til kynna talsverðan kynjamun. Stúlkur áttu meira af heimilisdóti og dúkkum til að leika með í ímyndunarleik en drengir meira af byssum og verkfærum. Þá kom fram talsverður ótti foreldra við viðbrögð frá jafnöldrum barnanna ef þau ættu eða færu að leika sér með

leikföng sem gætu talist á skjön við kyn þeirra; til dæmis ef drengur léki sér mikið með dúkkur og heimilisdót eða ef stúlka ætti mikið af verkfærum og byssum. Ótti foreldranna var sá að börnunum yrði strítt eða þau lentu utan jafningjahóps ef þau færu út fyrir kynjarammann í leik og leikefnisvali. Thorne (1995) bendir í rannsókn sinni á mikilvægi þess að brjóta upp gamlar venjur sem myndast í leikskóla því það sé þar sem grunnurinn sé lagður fyrir áframhaldandi skólagöngu og lífið sjálft. Það hljóti því að vera mikilvægt að leikskólar reyni að brjóta upp þá staðalmynd að stelpur leiki sér bara með bleikar dúkkur og strákar með brúnar byssur.

Í rannsókn Skočajić o.fl. (2020) kom fram að staðalmyndum í leik barna væri viðhaldið með því að refsa (e. sanction) fyrir hegðun. Drengir væru líklegri en stúlkur til þess að refsa öðrum eða vera refsað fyrir að fara yfir línuna og leika sér með leikföng eða í leikjum ætluðum stúlkum. Þannig væri kynjanormi viðhaldið í jafningjahópnum. Áhyggjur foreldra í rannsókn MacPhee og Prendergast (2019) voru sambærilegar. Til að auka möguleika barnanna á að stíga út úr þessum kynjarömmum er mikilvægt að leikskólar og leikskólakennarar ræði þessar hugmyndir og styðji börnin þegar þau vilja taka skref út fyrir ramma (Skočajić o.fl., 2020).

Árið 2018 var skipað í verkefnahóp á vegum Reykjavíkurborgar sem átti að skoða kynjaða fjárhagsáætlun um náms- og leikefni með jafnréttis- og kynjasjónarmið að leiðarlósi í tveimur leikskólum í Reykjavík (Auður Ævarsdóttir o.fl., 2018). Þar kom í ljós munur á leikskólunum, en annar þeirra hafði farið í gegnum þróunarstarf í tengslum við jafnrétti og búið var að innleiða verkferla til að samflétta allt starfið. Báðir skólarnir unnu með opinn efnivið, svo sem holukubba og einingakubba. Munurinn á skólunum birtist meðal annars í bókaúrvali, þar sem á öðrum leikskólanum voru bækurnar *Ungfrú prinsessa* og *Herra klár* sem ýttu undir staðalmyndir kynjanna en á hinum voru listaverkabækur og fræðslubækur aðgengilegar fyrir börn á eldri deildum skólans. Skýrsluhöfundar töldu muninn stafa af þekkingu kennaranna sem þeir höfðu aflað sér í áður nefndu þróunarverkefni.

Miðað við það sem rannsóknir gefa til kynna er skólaumhverfið mikill áhrifavaldur í lífi barna. Leikur og leikefni er þeirra námsleið. Það er því mikilvægt að skoða leikefnið, leik- umhverfið og viðhorf þeirra sem skapa það í tengslum við kynjajafnréttismenntun barna.

AÐFERÐAFRÆÐI

Ákveðið var að nota stuttar vettvangsathuganir og hálfopin viðtöl til að kanna viðhorf deildarstjóranna til leiks og vals á leikefni barna út frá kynjasjónarmiðum. Við töldum að með slíkri blandaðri aðferð næðist góð innsýn í starfið án þess að rannsóknin yrði of umfangsmikil.

Þátttakendur

Til að velja þátttakendur var listi yfir leikskóla fenginn á heimasíðum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélaga í innan við klukkustundar akstursfjarlægð frá Reykjavík. Valið fór fram með tilviljunarkenndum hætti, sem líkist mest því sem kallað er lagskipt slembiúrtak (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2013). Annar hver skóli var

valinn í pott til að draga úr, eða 39 skólar. Reykjavík var einn hópur og annar hópur var önnur bæjarfélög á höfuðborgarsvæðinu og dregnir voru tveir skólar úr hvorum þessara hópa. Myndaðir voru tveir hópar úr nærliggjandi sveitarfélögum og dreginn einn skóli úr hvorum. Samtals urðu þetta því sex skólar.

Haft var samband við leikskólastjóra og leitað eftir leyfi þeirra til að gera rannsóknina í skólanum og í kjölfarið var sent kynningarbréf til leikskólastjóra og deildarstjóra. Þátttakendur voru sex deildarstjórar, allt konur með kennaramenntun, sem höfðu starfað á leikskólum í 10–35 ár. Deildarstjórnir sex fengu dulnefni: Ásta, Birna, Hanna, Helga, Katrín og Tara. Rannsakandi skoðaði uppsetningu og leikefni deildanna ásamt því að fylgjast með leik barnanna eða samverustund, í þeim tilgangi að skoða hvernig kennarar og börn nálguðust efniviðinn og hvernig starfsfólk deildarinnar ynni með hann. Upplýsingar úr áhorfinu voru notaðar sem samræðugrundvöllur í viðtalinu en nýttust einnig síðar í ferlinu fyrir hinn höfundinn til að glöggva sig á aðstæðunum sem var rætt um í viðtölunum.

Gögn og greining

Vettvangsathuganirnar fóru fram á tímabilinu 31. janúar til 11. febrúar 2022. Viðvera rannsakanda var á bilinu einn og hálfur til rúmlega þrjú tímar. Talið var rétt að taka viðtölin á vettvangi (Gorden, 1987) eftir því sem hægt var en covid hafði áhrif á framvindu rannsóknarinnar þannig að tvö viðtöl þurfti að taka nokkrum dögum eftir vettvangsathugun í viðkomandi skóla og eitt viðtal var tekið í gegnum Teams. Viðtölin voru hálfopin en fylgdu þó fyrir fram ákveðnum spurningaramma. Slík viðtöl einkennast af svigrúmi til að ræða aðstæður á hverjum stað en um leið gefst færi á að fylgja eftir því sem rannsakandi vill (Kvale, 1996). Þau voru mislönng; tóku frá 25 upp í 75 mínútur. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð orðrétt af rannsakandanum sem tók þau, eins og til dæmis Gorden (1987) mælir með.

Eftir að gögnunum hafði verið safnað og viðtöl afrituð lásu höfundar gögnin hvor fyrir sig og gerðu sér hugmyndir um mikilvæg þemu og túlkun þeirra (sjá til dæmis Lichtman, 2013). Við fundum svo sameiginleg þemu sem við töldum áhugaverðust í gögnunum. Sérstaklega komu fram í viðtölunum áherslur á opinn efnivið og verðlausan efnivið, sem og á einstaklingsbundið val barnanna og þá birtist þema um það hvort eða hvernig kynjajafnréttissjónarhorninu væri markvisst beitt til að skoða starfið. Viðtöl, áhorflýsingar og greiningarskjöl voru því lesin endurtekið með framangreint að leiðarljósi og flokkuð eftir þema (Merriam, 2009). Úr þessu efni var búin til sú frásögn sem birtist í niðurstöðum, á svipaðan hátt og Powney og Watts (1987) lýsa.

Siðferði og réttmæti

Vissar siðferðislegar kröfur ber að uppfylla þegar rannsóknir eru gerðar (Sigurður Kristinsson, 2013). Í eigindlegum rannsóknum er gagnsæi í tengslum við rannsóknarferlið eitt af lykilatriðum ef sýna á fram á trúverðuleika (Merriam, 2009). Upplýst samþykki var fengið hjá öllum viðmælendum og þeim gert ljóst að nafnleyndar yrði gætt í öllu ferlinu og þagmælska tryggð um hvaðeina sem ekki kæmi rannsóknarefninu við. Enn fremur gætum við þess að tilgreina sem fæst um hvern þáttakanda, til dæmis nefnum við ekki hver þeirra

var með lengstu eða stystu starfsreynsluna, og við hnikum til upplýsingum sem við teljum að gætu komið upp um það hvaða skólar tóku þátt. Þátttakendur rannsóknarinnar voru fullorðnir einstaklingar og því þurfti ekki sérstök leyfi annarra aðila. Ekki var talið nauðsynlegt af hálfu rannsakenda að kynna rannsóknina sérstaklega fyrir foreldrum þar sem tilgangur áhorfsins var að fylgjast með starfi kennaranna og umhverfinu. Þessi tilgangur var kynntur í bréfi til skólanna sem gengu úr skugga um það gagnvart rannsakanda að ekkert persónugreinanlegt yrði skráð um börnin.

Viðtölin reyndust efnisrík og áhorfslýsingar, sem fyrr segir, gagnlegar, bæði sem umræðugrundvöllur og fyrir þann höfund sem ekki tók viðtölin til að átta sig á aðstæðunum. Skólarnir eru ekki nema sex en þeir eru ólíkir og í fimm sveitarfélögum. Viðmælendur voru þrúpurðir út í hvernig starfið væri skoðað út frá kynjasjónarhorni til að tryggja sem best að það lenti ekki utan garðs í samtalinu. Aldrei bar á göma í viðtölunum hvort væru önnur kyn í skólanum en drengir og stúlkur.

NIÐURSTÖÐUR

Lagt var upp með rannsóknina til að skoða leikefnið í leikskólunum og hugmyndir deildarstjórnanna frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Snemma í greiningarvinnunni varð ljóst að áherslan á frjálst val barnanna á leikjum og leikefni var samtvinnuð notkun efniviðarins. Þannig reyndist áhersla leikskólanna á að skapa námsumhverfi þar sem börnin hafa val meira áberandi en kynjasjónarmið. Viðmælendum rannsóknarinnar fannst ekki vera mikill munur á leikefnisvali barnanna þegar á heildina væri litið en þeir töldu sig þó sjá einhvern mun á leik þeirra eftir kyni. Öll börn höfðu að sögn jafnan aðgang að leikefninu og voru talin velja óháð kyni og þannig að áhugi einstaklinganna stýrði valinu. Um þetta verður fjallað nánar hér á eftir í köflum um þemun *opinn efniviður og verðlaus efniviður* og *kynjahlutlausir leikskólar eða markvisst kynjajafnréttisstarf?*

Opinn efniviður og verðlaus efniviður

Í leikskólunum sex var mikil áhersla lögð á að unnið væri með opinn efnivið. Viðmælendur töldu að með slíkum áherslum myndu börnin nota best ímyndunarafli sitt. Úrval leikfanga og efniviðar var nokkuð svipað í skólunum sex; nokkuð mikið var um opinn efnivið og margs konar kubba, í bland við lokaðan efnivið. Í flestum tilfellum var lokaði efniviðurinn gjafir að heiman eða gömul leikföng sem átti að nýta þar til þau myndu eyðileggjast; dæmi um slíkt voru litlir bílar. Opni efniviðurinn var bæði aðkeyptur varningur, svo sem tréleikföng, og verðlaus efniviður, til dæmis endurnýtt leikföng, púsluspil eða umbúðir á borð við skyrdósir. Einnig var um að ræða búta og fatnað, skartgrip og pappakassa. Þá kom fram að stundum væri verslað í búðum eins og Góða hirðinum sem selja notaða hluti.

Rík áhersla virtist vera lögð á það í öllum skólunum að hugmyndaflug barnanna fengi að njóta sín. Þannig nefndi Ásta að skólinn væri að fara meira út í að nota sem fjölbreyttastan opinn efnivið þannig að hugmyndaflug barnanna fengi „að blómstra“. Birna sagðist vera „upptekin af því að börnin finni bara sitt leikefni“, til dæmis pappakassa fyrir byggingarleik, án þess að hafa „miklar fyrirmyndir“. Í flestum skólunum léku börnin sér saman

á svæðum og fóru oft á milli svæðanna óháð kyni. Stúlkur voru ekki síður í kubbaleik og drengir einnig í heimiliskrök. Í einum skóla var kynjaskiptingin nokkuð áberandi. Þar voru stúlkur með heimilisdót og dúkkur í dúkkufötum í mömmuleik í öðrum helmingi herbergisins en í hinum helmingnum voru tveir drengir í miklum kappakstursleik með litla bíla. Þetta gæti verið undantekning en þennan dag voru kynjahlutverkin skýr í leik barnanna og áhugi þeirra leit út fyrir að vera kynjaður.

Í vettvangsathugunum í öllum skólunum var mikið úrval af alls konar kubbum áberandi, þar með töldum einingakubbum. Ásta sagði um hlutverk þessa efniviðar:

Umræða síðustu mánaða hefur verið svolítið að ... vanda meira valið í ... efnivið sem er fallegur fyrir augað og hefur ... góða endingu ... [til dæmis] tréleikföng sem eru opin.

Hjá Katrínu sá rannsakandi mikið úrval af kubbum og hún sagði að það væri vegna þess að „það hentar báðum kynjum ... þau kubbo bara það sem þau vilja“. Mörg önnur tilbúin leikföng voru nefnd, til dæmis sagði Birna að legó væri „alltaf sterkt leikfang“, og Helga sagði frá notkun segulkubba.

Í leikskólunum reyndist vera lögð mikil áhersla á endurvinnslu og notkun verðlauss efniviðar. Tara sagði frá því að slíkum efniviði væri safnað með hliðsjón af notagildi en Hanna orðaði það þannig:

Ég er mjög hrifin af svona verðlausu drasli ... það hefur oft nýst mér vel því að þegar það vantar allt til alls þá fer maður að líta á drasl sem gull ... og ég ... sé svona marga möguleika og það þarf bara að hjálpa krökkum því að ég sé líka að fólk er svo misjafnt, ímyndunarafli er ekki endilega öllum gefið ... og þess vegna þarf maður að kenna, kenna leik. Og það er hægt að nota alls konar drasl í leik.

Hanna sagði enn fremur frá því að ýmsar bækur væru notaðar þar til þær eyðilegðust. Ásta, sem starfar í grænfánaskóla, sagði frá því að gömul púsl væru nýtt til að „reyna að fönndra úr þeim ... [og] setja ... í efnisveitu ...“ og að í hlutverkaleik væru notaðar „alls konar ... umbúðir úr eldhúsinu“. Tara minntist á gjafir að heiman sem væru nýttar í ákveðinn tíma áður en þessum hlutum væri hent.

Hanna áréttaði að það væri kostnaðarsamt að kaupa ný leikföng og þess vegna væri allt nýtt, og þá yrði „drasl sem gull“, eins og kom fram hér að framan. Þegar spurt var um kaup á leikefni voru svörin yfirleitt á þá leið að þegar keypt væri inn leikefni væri hugsað mikið um notagildið en einnig að það væri opið og hægt að nýta það á fjölbreyttan hátt.

Í viðtölunum kom fram að mikilvægt væri að þekking barnanna þróaðist í gegnum leikinn og að starfsfólk ætti að vera tilbúið að grípa inn í ef samskipti væru ekki góð eða öryggi ekki tryggt. Birna orðaði þetta þannig: „Okkar hlutverk er bara að vera til staðar, fylgjast með, stjórna ekki leiknum.“ Helga sagði: „Við stjórnnum ekki valinu hjá börnunum.“ Ásta sagði þegar spurt var hvernig börnin veldu sér viðfangsefni eða leik: „Það er sko einstaklingsbundið. Sum börn velja vegna þess að þau hafa áhuga á viðkomandi viðfangsefni.“ En hún sagði einnig: „Sum börn velja vegna þess að félaginn er að fara þarna. Svo er það breytilegt milli daga eða vikna.“ Hanna var hins vegar gagnrýnin á þessa tegund af afskiptaleyzi: „Sumir halda, grípa þetta svo rosalega bókstaflega ... að það eigi ekki að skipta sér af og þá þurfa þau að finna upp hjólið.“

Rauði þráðurinn í öllum viðtölunum um hlutverk kennara og starfsfólks var að ekki ætti að vera of „dóminerandi“, eins og Hanna orðaði það. Þetta er í samræmi við vettvangsathuganirnar en í þeim kom fram að kennarar og starfsfólk væru fremur áhorfendur en þátttakendur í leik. Það þýðir hins vegar ekki að það sé algilt en í þessum tilvikum léku börnin sér saman og leituðu til kennara og starfsfólks til að leysa úr vandamálum eða fá annars konar aðstoð. Í þeim tilfellum sem starfsfólk tók frumkvæði var verið að spila borðspil eða vinna listaverkefni í vissum tilgangi.

Þrátt fyrir einstaklingsbundið val barnanna á leikefni og leik í umhverfi þar sem áhersla var lögð á opinn efnivið og kynjahlutlaust leikumhverfi töldu flestir deildarstjórnarnir að hægt væri að sjá mun á leik barnanna eftir kyni. Birna var sú eina sem taldi ekki vera mikinn mun en hún taldi mögulegt að val barnanna á legó gæti verið kynjað, það væru frekar drengir sem veldu það. Tara talaði um „áherslumun“ þegar kæmi að leiknum og það væri meiri ærslagangur hjá drengjum en stúlkum. Katrín taldi að hægt væri að sjá mun á notkun barnanna á efniviðnum sjálfum.

Áhugi og hugmyndaflug barnanna er það sem á að stýra ferðinni samkvæmt viðmælendum rannsóknarinnar. Opna leikumhverfið á að ýta undir og þroska sköpun og ímyndunarafi barnanna og hlutverk kennara má ekki vera of stýrandi þegar kemur að leiknum sjálfum.

Kynjahlutlausir leikskólar eða markvisst kynjafnréttisstarf?

Þegar spurt var hvort leikumhverfið, leikefnið og afþreyingarefnið hefði verið skoðað út frá kynjasjónarhorni voru svörin í flestum skólunum svipuð: að það væri ekki verið að þæla mikið í því en það væru helst bækur sem hefðu verið teknar í gegn með kynjagleraugum. Til dæmis sagði Tara að það væri skoðað sem væri „úrelt ... kynjalega séð“, svo sem bækur með myndum sem ekkert væri á „nema mamman að elda og hugsa um börnin ...“

Í svörunum birtist einnig tregða til að sjá þörf fyrir markvisst starf, eins og komið hefur fram hér að framan, og fjöldi dæma birtist um það hvernig börnin völdu sér efnivið og léku sér á ólíkan hátt í umhverfi sem átti ekki að teljast vera undir áhrifum kynjaskiptingar. En jafnframt kom gjarna fram það sjónarmið að val barnanna væri oftast persónubundið, til dæmis hjá Ástu og Birnu.

Dæmi sem voru nefnd um kynjamun voru fjölmörg. Mörg hverfðust um að drengir væru á fullri ferð –í „aksjón“ eins og Ásta orðaði það – og í því sem gæti talist vera hefðbundið fyrir stráka. Katrín sagði: „Ég sé alveg mun að strákar fara minna í dúkkudótið, þó þeir fari í dúkkudótið.“ Katrín tók einnig fram að þeir væru meira í því „sem við köllum H-kubba ... þeir eru meira svona að búa til ... transformers-karla og alls konar eitthvað úr því.“ Helga taldi sig sjá mun á leik barnanna í kubbaleik og nefndi að drengirnir væru snillingar í kubbakrök. Hún lýsti mun á því hvernig þeir notuðu plúskubba og þær fígúrus sem þeir væru að byggja þegar hún sagði: „Þeir eru rosalegir flinkir í ... plúskubbanum ... búa til bara fígúrus ... ég er að velta því fyrir mér hvort ... þeirra áhugasvið ... [er] að búa til einhverjar svona ofurhetjur.“

En þótt kynjamunur kæmi oft til tals var einnig dregið í land með að hann væri alltaf mest ráðandi. Tara ræddi um að drengirnir ættu erfiðara með að sitja kyrrir en „þetta er ekki afgerandi, það eru líka alveg stelpur sem eiga erfitt með ...“ að sitja kyrrar í hópastarfinu. Hanna dró einnig í land með kynjamuninn og vildi meina að:

sumir strákar vilja meira vera að dunda og vera rólegir ... mér finnst vera munur á milli stelpna og stráka en endilega ekki alltaf ... og endilega ekki alltaf svo mikill.

Kubbar eru oftast taldir mjög ókynjað leikefni og kom það mjög sterkt fram í viðtölunum. Samt sem áður bar á þeirri hugmynd að drengir veldu frekar legó en stúlkur. Þegar Ásta var spurð um mun á leik barna eftir kyni kom þetta meðal annars fram:

Ég sé [að] strákarnir sækja töluvert meira í legó [hún var mjög hugsi í upphafi og mikið um þagnir á milli] ... og dúpló og leikurinn þeirra verður meira svona karllægur ... á meðan að stelpurnar ef að þær eru í þessum [leikjum], legó eða dúpló, þá er hann meira kvenlegur ... það er þessi ... mjúki leikur meira hjá þeim ... á meðan ... það verður svona tengdur, vinnu-tengdur meira, þessum gömlu störfum sko sem eru fyrir karlmenn.

Hér er það áhugasvið barnanna sem er talið ráða ferðinni í því sem gæti talist vera kynjaður munur á leik, eða jafnvel eðlislægur munur drengja og stúlkna í tengslum við rökhugsun. Ásta velti einnig fyrir sér hvernig börnin gætu best þróað leikinn:

Ég er að spá. Ég er allt í einu að velja því núna fyrir mér hvort að það eru ákveðnir strákar sem að velja legóið ... að ég er bara að velja því fyrir mér akkurat núna, getur verið að ég sé, af því að það eru alltaf ákveðnir drengir sem að velja legóið ... ég næ ekki að stoppa þá til að hleypa ... stelpum inn ... skilurðu. Af því að maður hefur ekki viljað stoppa þróunina hjá þessum drengjum sem hafa verið mest í legóinu ... Maður vill ekki stoppa það, af því að þetta er virkilega þeirra áhugamál og maður sér gríðarlegar framfarir ... í þróun og vexti leiksins.

Þetta er mikilvæg ígrundun um hlutverk hennar í leikefnisvali barnanna. Í samtalinu fór hún að velja fyrir sér hvað það væri í umhverfinu sem gæti valdið þessari skiptingu og hvernig hún sem kennari gæti mögulega séð til þess að opna þetta tiltekna leikefni fyrir fleiri börnum.

Rannsakendur höfðu áhuga á að skoða markvisst kynjajafnréttisstarf, hvort heldur sem væri á mælikvarða skólans alls eða hjá einstökum kennurum og í einstökum málum. Í langflestum tilvikum var ekki um mikið slíkt starf að ræða, fyrir utan það að í einum skólanum fer til dæmis fram kynjavitundarvika. Þá eru meðal annars settar í umhverfi barnanna myndir sem storka staðalmyndum og unnið meðvítað með kynjajafnrétti í starfinu. Bækur sem gefnar hafa verið að heiman eru skoðaðar og fremst í bækurnar eru merkt umræðuatríði sem er talið hægt að nota í tengslum við að ígrunda úreltar staðalmyndir. Unnið var þróunarverkefni í tengslum við jafnrétti í þeim skóla nokkrum árum fyrr og þetta var eitt af því sem stóð eftir, ásamt því að sett var saman jafnréttisteymi í skólanum.

Alltaf var spurt hvort leiksvæðin hefðu verið skoðuð út frá kynjasjónarmiðum. Algengasta svarið var að ekki hefði verið talin þörf á því þar sem efniviðurinn væri opinn, eða eins og Tara sagði: „Nei ... við höfum ekki séð þörf á því ... af því að þetta er svo opið eða þú veist.“ Birna tók í sama streng: „Nei, það er bara opið ... það eru bara teppi á gólfum og bara þeirra val“. Katrín sagði:

Við höfum samt alltaf passað okkur og undanfarin ár passað ... orðræðuna ... að allir leikir eru ... fyrir bæði kyn og allt dótið fyrir bæði kyn, sko. Þannig að við þösum okkur en maður sér samt alveg þínu svona mun.

Hér birtist togstreita milli þess að börnin lékju sér frjálst og veldu efnivið sjálf og þess að skoða starfið, þar með talið leik barnanna, út frá kynjasjónarhorni og þess vegna var margspurt um kynjaskiptingu og hvort leikumhverfi og efniviður væri skoðað út frá kynjasjónarhorninu.

UMRÆÐUR

Markmið rannsóknarinnar var að skoða leikefni í nokkrum leikskólum út frá kynjafræðilegu sjónarhorni og kanna viðhorf leikskólakennara til leiks og leikefnis barna. Spurt var tveggja spurninga og við ræðum niðurstöðurnar út frá þeim.

Opinn efniviður – kynjahlutlaust leikumhverfi

Fyrri spurningin snýst um það hvort opinn efniviður geti verið undirstaða kynjafnréttisstarfs í leikskólum. Í öllum leikskólunum sex var mikið af fjölbreyttum efniviði og yfirleitt blanda af opnum efniviði, verðlausu efni og því sem gæti talist lokaður efniviður, svo sem dúkkur og bílar. Allir deildarstjórnir nefndu að stefnan væri að vinna meira með opinn efnivið og að það væri vandað til verka þegar keypt væri inn. Hins vegar væru oft endurnýttir hlutir af heimilum barna og starfsfólks. Stundum væri verslað í búðum eins og Góða hirðinum þar sem leikföngin væru ódýr en einnig með endurvinnslusjónarmið að leiðarljósi. Segja má að þetta séu tvær meginleiðir í því hvernig leikskólakennararnir vilja standa að vali leikefnis: Kaupa vandað og endurnýta.

Endurnýting verðlauss efnis hefur hins vegar ókosti í för með sér sé horft af kynjasjónarhóli. MacPhee og Prendergast (2019) sýndu fram á að herbergi barna og heimaumhverfi þeirra ætti það til að vera afar kynjað og foreldrar hefðu meðal annars áhyggjur af viðbrögðum hinna barnanna ef þau fylgdu ekki því sem gæti talist normið. Miðað við rannsókn Skočajic o.fl. (2020) er hugsanlegt að börnum sé refsað í jafningjahópi ef þau fylgja ekki því sem getur talist viðeigandi fyrir þeirra kyn. Það er því áhugavert að velta því fyrir sér hvort með því að endurnýta efni að heiman sé verið að viðhalda tilteknum staðalmyndum um kynin í leikumhverfi barnanna í skólunum. Þá skiptir miklu ef kennarar og annað starfsfólk telja hlutverk sitt ekki vera að skipta sér of mikið af leik barnanna, eins og fram hefur komið í þessari rannsókn. Hjelmér (2020) bendir sérstaklega á að ábyrgðarmikið hlutverk sé lagt á herðar barna ef þau eiga að kljást við staðalmyndir samfélagsins án virkrar leiðsagnar kennaranna.

Í rannsókn Emilson o.fl. (2016) kom fram svipuð togstreita hjá þátttakendum um afskipti þeirra af leik barnanna út frá þeirra áhuga og svo menntunarhlutverki leiksins. Í *Aðalnámsskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) kemur fram að efniviður eigi að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á mismunandi aldri en einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að þróa og endurmeta reglulega hvað er notað. Það hlýtur því að vera mikilvægt að meta það sem tekið er við, til dæmis gjafir, út frá kynjasjónarhorni. Samkvæmt viðmælendum rannsóknarinnar var opni efniviðurinn valinn vegna þess að hann ýtir undir sköpunargáfu barnanna og hefur mikið notagildi. Hins vegar var ekki verið að meta leikumhverfið út frá kynjasjónarmiðum þar sem ekki var talin þörf á því, meðal annars vegna þess að leikefnið væri svo opið. Leikefnið sem var endurnýtt í leikskólunum

var hins vegar í flestum tilfellum lokaður efniviður, bílar, litlar figúrur og ýmis efniviður með tilvísanir í afþreyingarefni fyrir börn, eins og Disney-myndir. Opni efniviðurinn getur því varla einn og sér verið svar við kynjajafnréttismenntun ungra barna. Hjelmér (2020) bendir á mikilvægi þess að efla gagnrýna hugsun barnanna og mikilvægi þess að kennarar og skólar séu leiðandi í því, til dæmis með því að skoða umhverfið í skólanum með börnunum og ræða það við þau.

Viðmælendur rannsóknarinnar lögðu mikla áherslu á að búa börnunum sem best leikumhverfi og leikefni til þess að þau gætu notið sín sem einstaklingar, lært á sínum forsendum og byggt á sinni reynslu. Er þetta í takt við lög og námskrár um leikskólustarf (lög um leikskóla nr. 90/2008; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Hins vegar gefa rannsóknir til kynna að reynsla og jafnvel áhugi barnanna þróist í kynjuðu, stéttskiptu og markaðssettu umhverfi (Golden og Jacoby, 2018; Guðrún Alda Harðardóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014; Hjelmér, 2020; MacPhee og Prendergast, 2019; Þórdís Þórðardóttir, 2012). Það er því mikil einföldun að treysta á einstaklingsáhuga í því kynjaða umhverfi sem börnin alast upp í.

Ályktun okkar er sú að notkun á opnu leikefni eða verðlausum efniviði merki ekki að leikumhverfið verði kynjahlutlaust. Þessi áhersla á opna efniviðinn sem birtist svo mjög í gögnunum gefur til kynna að þótt viðmælendur rannsóknarinnar leggi sig fram um að mæta börnunum á eigin forsendum og án kynjaðra væntinga eða hugmynda sé leikumhverfið og leikurinn ennþá kynjað.

Frjálst val og frjáls leikur - öll börnin leika með allt?

Síðari spurningin snýst um það hvers konar áhrif hugmyndir um frjálst val barna á leikjum og leikefni hafa á kynjajafnréttisstarf. Deildarstjórnir sem rætt var við lögðu allir mikla áherslu á að börn gætu leikið út frá sínum áhuga og umhverfið ætti að ýta undir ímyndunarafli þeirra. Bundið val var einungis í einum leikskóla þar sem börnin völdu svæði eftir ákveðinni aðferð; í hinum fimm leikskólunum var börnunum nokkuð frjálst að velja sér leiksvæði. Allir deildarstjórnir töldu að börnin lékju sér með allan efnivið óháð kyni. Val barnanna á leik var oftast talið persónubundið frekar en kynjað, enda þótt viðmælendur okkar hefðu líka talið sig geta séð kynjaðan mun á notkun barnanna á leikefninu.

Áhugavert er að velta fyrir sér hvers vegna það ber á þessum áherslumun í leik barnanna þegar áhersla er lögð á opinn efnivið og að öll börn geti leikið með hvaða leikefni sem er, óháð kyni. Einnig kom fram það álit að hlutverk kennara væri að útvega leikefni og útbúa leiksvæði en að börnin ættu sjálf að velja leikinn. Í rannsókn Thorne (1995) er bent á viðhorf fullorðinna þegar kemur að venjum barna og hvernig þau geta endurspeglað viðhorf til leiks þeirra. Þetta sé eitthvað sem þau gera og sé þeim eðlislægt. Það bar einnig á þessu viðhorfi í viðtölum rannsóknarinnar. Í öllum viðtölunum kom sterkt fram mikilvægi þess að börnin fengju að vinna með áhuga sinn og mikilvægi þess að auðga hugmyndaflug barnanna. Thorne (1995) bendir hins vegar á að kynjuð hegðun lærist af því að vera í samfélagi. Í rannsókn Golden og Jacoby (2018) komu fram skýrar tengingar barnanna milli Disney-kjóra og hegðunar þeirra sem þeim klæddust. Það var til dæmis hægt að sjá hvernig hreyfingar barnanna breyttust í það sem væri talið prinsessulegt. Því er áhugavert að skoða þessa endurnýtingu á efni frá heimilum inni á leikskólunum og velta fyrir

sér hvort leikumhverfið sé eins kynjahlutlaust og stefnt er að. Dæmi um slíkt var að sjá í þessari rannsókn, þar sem börnin léku sér í því sem gæti talist mjög kynjaður leikur; stúlkur í dúkku- og heimilisleik og drengir í ærslafullum bílaleik.

Rannsóknir gefa til kynna að afþreyingarefni og heimaumhverfi barnanna sé oftast en ekki afar kynjað. Börnin eiga það til að tengja visst efni við tiltekna hegðun eða leik og refsa jafnvel í jafningjahópi fyrir það sem gæti talist óviðeigandi leikur eða leikefni fyrir tiltekið kyn (Golden og Jacoby, 2018; MacPhee og Prendergast, 2019; Skočajíc o.fl., 2020; Þórdís Þórðardóttir, 2015). Því veltum við fyrir okkur þessum áherslumun barnanna í leiknum og notkun á leikefni: drengir fari minna í dúkkuleik og búi til ofurhettur úr kubbunum og stúlkur fari frekar í mýkri leik með sama efnivið, en notkun kubba var oftast nefnd í viðtölum rannsóknarinnar. Það er því áhugavert að velta fyrir sér hvort þetta sé eðlislæg venja barnanna eða hvort þau séu ekki einmitt að endurspegla menningarlega tengda reynslu sína í leiknum, eins og rannsóknir benda til (Þórdís Þórðardóttir, 2015).

Deildarstjórnir töldu einnig mikilvægt að grípa ekki of mikið inn í leik barnanna eða stjórna honum. Viðmælendur rannsóknarinnar töldu það ekki hlutverk kennara og starfsfólks að vera of „dóminerandi“ í leiknum, eins og einn viðmælandi orðaði það. Inngripin stjórnúðust í flestum tilfellum af samskiptaörðugleikum milli barna í leik eða því að öryggi þeirra væri ekki tryggt, en samt var talið mikilvægt að láta þau spreyta sig fyrst á því að leysa málin sjálf. Gildi og viðmið um þær aðstæður sem deildarstjórnir töldu þurfa að grípa inn í virtust sameiginleg, það er að grípa helst inn í ef samskiptin væru ekki góð, en Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir (2020) hefur rætt um gildi og miðlun þeirra í menntunarlegum tilgangi sem mótar að hluta til starfið. Áhugavert er því að velta fyrir sér umhverfinu og því hvaða leikur telst vera viðeigandi leikur í leikskólum, sbr. rannsókn Sandberg og Pramling-Samuelsson (2005) sem gaf til kynna mismunandi viðhorf leikskólakennara til leiks og þátttöku kennaranna í leik barnanna. Hér má sjá sömu viðhorf og birtust í rannsókn Emilson o.fl. (2016) í tengslum við afskipti starfsfólks af leik barna sem ætti að byggjast á þeirra áhuga. Gansen (2019) bendir einnig á hvernig væntingar kennara til hegðunar út frá kyni hafa áhrif á það hvernig gripið er inn í leikinn eða aðstæður. Þannig getur verið hætta á því að afskipti og afskiptaleysi leikskólakennara af leik ráðist af slíkum væntingum og skilaboðin séu því kynjuð, sem og ramminn sem börnunum er settur.

LOKAORÐ

Við teljum niðurstöður okkar benda til þess að námsumhverfi og efniviður barnanna í þessum sex leikskólum hafi í öllum tilvikum, nema mögulega einu, hvorki verið skipulagt né markvisst skoðað með kynjasjónarmið að leiðarljósi. Mikil áhersla var lögð á vinnu með opinn efnivið og verðlausan efnivið í leikskólunum og að hugmyndaflug barnanna ætti að njóta sín. Virðing var borin fyrir leik barnanna og metnaður lagður í að útbúa sem best umhverfi til þess að hver einstaklingur nyti sín. Þá var mikið lagt upp úr áhuga barnanna, sem er í takt við áherslur í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Hins vegar var leikefni barnanna lítið skoðað út frá kynjasjónarmiðum, eins og lög gera ráð fyrir (lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020).

Samandregið má segja að áherslan á opinn efnivið og verðlausan efnivið virðist valda

Því að minna sé hugsað um kyn og kyngervi í leik. Við tökum því undir með Chapman (2016, 2022) um mikilvægi meðvitundar um kynjagslagsíðu samfélagsins, sem birtist glögglega í leik barnanna eins og viðmælendur okkar lýstu honum, og að gripið sé til aðgerða gegn henni. Það er ekki nóg að vera með opinn efnivið og telja það útiloka kynjaskipt umhverfi eða leik í leikskólunum.

Við teljum mikilvægt að skoða allt leikskólastarfið frá kynjafræðilegu sjónarhorni til að efla megi markvissa vinnu í kynjafnréttismenntun í leikskólum. Eins og bent var á í upphafi greinarinnar hefur kynjafnréttismenntun í skólasterfi á Íslandi gjarna verið byggð á einstaklingsframtaki og áhuga kennara en ekki kerfislegri ábyrgð (Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011; Þórdís Þórðardóttir, 2016). Mikilvægt er því að efla þekkingu kennara og starfsfólks leikskóla svo að unnt sé að vinna markvisst með kynjafnrétti í öllu starfinu, ekki síst leiknum sjálfum.

ATHUGASEMD

Rannsóknin hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Kennarasambands Íslands árið 2020, en tafðist um eitt ár vegna covid. Engir skilmálar fylgdu styrknum aðrir en þeir að sambandið vill að niðurstöður verði vel kynntar á vettvangi sambandsins.

HEIMILDIR

- Auður Ævarsdóttir, Ásdís Olga Sigurðardóttir og Guðmundur Rúnar Vífilsson. (2018). *Skýrsla verkefnahóps um innkaup á námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum*. Reykjavíkurborg.
- Chapman, R. (2016). A case study of gendered play in preschools: How early childhood educators' perceptions of gender influence children's play. *Early Child Development and Care*, 186(8), 1271–1284. <https://doi.org/10.1080/03004430.2015.1089435>
- Chapman, R. (2022). Moving beyond 'gender-neutral': Creating gender expansive environments in early childhood education. *Gender and Education*, 34(1), 1–16. <https://doi.org/10.1080/09540253.2021.1902485>
- Davies, B. og Gannon, S. (2005). Feminism/post-structuralism. Í B. Somekh og C. Lewin (ritstýrur), *Research methods in the social sciences* (bls. 318–325). SAGE.
- Emilson, A., Folkesson, A.-M. og Lindberg, I. M. (2016). Gendered beliefs and embedded gendered values in preschool. *International Journal of Early Childhood*, 48, 225–240. <https://doi.org/10.1007/s13158-016-0162-4>
- Gansen, H. M. (2017). Reproducing (and disrupting) heteronormativity: Gendered sexual socialization in preschool classrooms. *Sociology of Education*, 90(3), 255–272. <https://doi.org/10.1177%2F0038040717720981>
- Gansen, H. M. (2019). Push-ups versus clean-up: Preschool teachers' gendered beliefs, expectations for behavior, and disciplinary practices. *Sex Roles*, 80, 393–408. <https://doi.org/10.1007/s11199-018-0944-2>
- Golden, J. C. og Jacoby, J. W. (2018). Playing princess: Preschool girls' interpretations

- of gender stereotypes in Disney princess media. *Sex Roles*, 79, 299–313. <https://doi.org/10.1007/s11199-017-0773-8>
- Gorden, R. L. (1987). *Interviewing: Strategy, techniques, and tactics*. The Dorsey Press.
- Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2017). Hvernig er tekið á fræðslu um kynjajafnrétti í skólum? Athugun á viðhorfum, þekkingu og áhuga skólastjóra þriggja skólastiga. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/17.pdf>
- Guðrún Alda Harðardóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2014). Gendering in one Icelandic preschool. *Journal of Nordic Early Childhood Education Research*, 7(9), 1–14. <https://doi.org/10.7577/nbf.681>
- Hildur Skarphéðinsdóttir og Sigrún Einarsdóttir. (2006). *Litlir vísindamenn í könnunarleik*. Reykjavíkurborg, Leikskólasvið.
- Hjelmér, C. (2020). Free play, free choices? – Influence and construction of gender in preschools in different local context. *Education Inquiry*, 11(2), 144–158. <https://doi.org/10.1080/20004508.2020.1724585>
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2020). „Að geta átt góð samskipti við aðra – ég held að það sé mikilvægast“: Gildamenntun í leikskóla. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2020/ryn/10.pdf>
- Khoja, N. (2020). Construction of gendered meanings in the imaginary play of preschool children in Saudi Arabia. *International Journal of Early Childhood*, 52, 1–16. <https://doi.org/10.1007/s13158-020-00260-w>
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. SAGE.
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide*. SAGE.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.
- MacPhee, D. og Prendergast, S. (2019). Room for improvement: Girls' and boys' home environments are still gendered. *Sex Roles*, 80, 332–346. <https://doi.org/10.1007/s11199-018-0936-2>
- McClintic, S. (2014). Loose parts: Adding quality to the outdoor environment. *Texas Child Care Quarterly*, 38(3), 16–19. http://www.childcarequarterly.com/pdf/winter14_parts.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*.
- Merriam, S. B. (2009). *Doing qualitative research: A guide to design and implementation*. Jossey Bass.
- Odegard, N. (2013). When matter comes to matter – working pedagogically with junk material. *Education Inquiry*, 3(3), 387–400. <https://doi.org/10.3402/edui.v3i3.22042>
- Oncua, E. C. og Unluera, E. (2010). Preschool children's using of play materials creatively. *Procedia Social and Behavioral Sciences*, 2(2), 4457–4461. <https://doi.org/10.1016/j.sbspro.2010.03.711>
- Paechter, C. (2007). *Being boys, being girls: Learning masculinities and femininities*. Open University Press.
- Powney, J. og Watts, M. (1987). *Interviewing in educational research*. Routledge & Kegan Paul.

- Rannveig Traustadóttir. (2013). Femínískar rannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstýra), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 313–325). Háskólinn á Akureyri.
- Sandberg, A. og Pramling-Samuelsson, I. (2005). An interview study of gender difference in preschool teachers' attitudes toward children's play. *Early Childhood Education Journal*, 32(5), 297–305. <https://doi.org/10.1007/s10643-005-4400-x>
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstýra), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Háskólinn á Akureyri.
- Skočajić, M. M., Radosavljević, J. G., Okičić, M. G., Janković, I. O. og Žeželj, I. L. (2020). Boys just don't! Gender stereotyping and sanctioning of counter-stereotypical behavior in preschoolers. *Sex Roles*, 82, 163–172. <https://doi.org/10.1007/s11199-019-01051-x>
- Sólveig Björg Pálsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2020). „Kannski alltaf svona á bak við eyrað“: Kynjafnréttismenntun í leikskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2020/ryn/01.pdf>
- Thorne, B. (1995). *Gender play: Girls and boys in school*. Rutgers University Press.
- Weedon, C. (1987). *Feminist practice and post-structuralist theory*. Basil Blackwell.
- Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Kynjafnréttisfræðsla í skólum: Hindranir og tækifæri. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. <https://netla.hi.is/serrit/2011/menntakvika2011/030.pdf>
- Þórdís Þórðardóttir. (2012). Að læra til telpu og drengs. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. <https://netla.hi.is/serrit/2012/menntakvika2012/016.pdf>
- Þórdís Þórðardóttir. (2015). Virðingarsess leikskólubarna: Þekking á barnaefni, kynjun og lagskipting í tveimur leikskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/001.pdf>
- Þórdís Þórðardóttir. (2016). Jafnrétti í leikskólum: Styrkir, veikleikar, menning og margbreytileiki. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Námsvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 155–188). Rannung; Háskólaútgáfan.
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í megindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstýra), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 113–128). Háskólinn á Akureyri.

Greinin barst tímaritinu 15. júní 2022 og var samþykkt til birtingar 19. október 2022.

UM HÖFUNDANA

Sólveig Björg Pálsdóttir (solveig.bjorg.palsdottir@rvkskolar.is) er leikskólakennari í Laugasól, Reykjavík. Hún lauk BA-prófi í sagnfræði árið 2013 og M.Ed.-prófi í menntunarfræði leikskóla 2019, báðum prófunum frá Háskóla Íslands. Hún hefur brennandi áhuga á kynjafnréttisfræðslu ungra barna og að efla þann námsþátt í leikskólastarfi á Íslandi.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (ingo@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk bakkalárprófi í sagnfræði og uppeldisfræði 1979, námi til kennsluréttinda 1980 og cand.mag.-prófi í sagnfræði 1983 frá Háskóla Íslands, og doktorsprófi

í menntunarfræðum 1991 frá Wisconsin-háskóla, Madison. Sérsvið hans eru mennta-stefna, námskrár og kynjafræði í menntarannsóknum.

„Junk as treasure“. Preschool use of open play materials and childrens' choice of play from agender perspective

ABSTRACT

Iceland has a specific clause on gender equality education in the 2011 National Curriculum issued for all school levels, and the legislation about gender equality also stipulates gender equality education at all school levels. Yet a number of studies of the Icelandic schools suggest that the schools, overall, do not deliver successful gender equality education (e.g., Þorgerður Einarsdóttir & Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011; Þórdís Þórðardóttir, 2016). The preschool level, called *leikskólar* (direct translation: playschools), is the first school level in Iceland. This study focuses on the learning environment and play materials in six randomly selected Icelandic preschools, and on the ideas of the teachers of the oldest children in the schools (typically five-year-old children). The article asks two questions: Can open play materials be the basis for gender equality education in the preschools? What kind of impact do ideas about children's free choice of play and play materials have on gender equality education? We observed the play in one classroom for one to three hours in each school and after that the preschool teacher in charge was interviewed. The findings suggest that there is an emphasis on open play materials, also called undefined play materials, and also on recycled play materials. These two are not synonyms, although the recycled materials are most often open. Open play materials could be purchased materials without predetermined purposes, such as blocks, clay, paint, or wooden toys. Examples of recycled materials included yogurt containers, cardboard boxes, textiles, old toys, and jigsaw puzzles which are often gifts from various households. Our findings are organized under two headings: Open play materials and recycled play materials; and the question is whether the preschools are organized as gender-neutral or strategically from a gender equality education perspective. In all participating schools, open play materials played a large role, whether purchased or recycled. The preschool teachers emphasized that this is important to foster imagination. In all of the schools it was considered important that the children selected their own play and play materials. One of the teachers said: „Our role is to be here, oversee what takes place, not control the play“. However, the preschool teachers thought it important to intervene to teach good manners and good communication between the children. The teachers were asked about gender differences which they often noted, but they did not intervene much because of those. We asked specifically whether the learning environment and the play materials had been investigated with a gender perspective in mind – and the result was that this had often not been done. The most common example of this practice was to

review older books. The teachers did not see the need to study the play or the materials from a gender perspective because of the emphasis on the open play materials and the fact that the children choose the material freely and mainly based on their own interests. The open play materials were thought to contribute to a gender-neutral environment at the schools. The emphasis on open play materials and recycled play materials appears to come at the cost of focusing on gender equality, because in all schools except one, the learning environment and the children's play materials had not been strategically organized through the lens of gender. Similarly, the emphasis on having the children select their own play and play materials seems to hide the fact that the children bring their own views about the roles of the genders from home. This is similar to the conclusions of our Australian colleague Chapman (2016). It is important to foster the sprouts of critical reflection that we also detected to organize the use of gender perspectives for reviewing the preschool practices.

Keywords: play materials, open play materials, recycled play materials, gender, individual choice

ABOUT THE AUTHORS

Sólveig Björg Pálsdóttir (solveig.bjorg.palsdottir@rvkskolar.is) is a preschool teacher at Laugasól preschool in Reykjavík. She completed her B.A. degree in history in 2013 and an M.Ed. degree in preschool educational studies in 2019, both degrees from the University of Iceland. She has a special interest in gender equality education with young children and in enhancing this particular aspect of education in Icelandic preschools.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (ingo@hi.is) is a professor at the School of Education, University of Iceland. He completed his B.A. degree in history and educational studies in 1979, a post-graduate diploma for a teaching certificate in 1980, a cand.mag. degree in history in 1983, all from the University of Iceland, as well as a Ph.D. degree in curriculum and instruction from the University of Wisconsin, Madison, in 1991. His research focuses on education policy, curriculum, and gender and education.